



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 18. ágúst 2020
Tilvísun: 633 1717

Efni: Tillaga að töku tilboðs – Snjóflóðavarnir á Ísafirði - Gleiðarhjalli

Verðkönnun í framkvæmdir, við Áningarstaðir A-B-C-D-E-F og göngustíga neðan Gleiðarhjalla, var opnuð þann 16. júlí s.l. Aðeins eitt tilboð barst og sjást yfirfarnar niðurstöðutölur á yfirlitinu hér að neðan, ásamt kostnaðaráætlun hönnuða:

Búaðstoð	kr. 36.024.020	151,9%
Kostnaðaráætlun	kr. 23.711.800	100,0%

Framkvæmdasýsla ríkisins fór yfir tilboðið í verkið og taldi það óásættanlegt. Framkvæmdasýslan fór fram á að hönnuðir færu yfir tilboðið og kostnaðaráætlunina og leituðu skýringa á þessum mikla muni á tilboði og kostnaðaráætlun.

Verkís hefur nú farið yfir og endurskoðað kostnaðaráætlun sína og farið yfir tilboðið með verktakanum. Niðurstaðan er sú að hönnuðir telja að nokkrir liðir í áætluninni séu of lágir vegna aðstæðna og sé eftir endurskoðun 26.755.250,- Verktaki hefur einnig yfirfarið tilboð sitt og telur sig geta unnið verkið á 30.041.020,- sem er 12% yfir endurskoðaðri kostnaðaráætlun.

Það er mat stofnunarinnar að endurskoðað tilboð Búaðstoðar kr. 30.041.020,- sé ásættanlegt.

Framkvæmdasýsla ríkisins mælir því með að endurskoðuðu tilboði Búaðstoðar í verkið verði tekið.

Virðingarfyllt,
f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Sigurður Hlöðversson, verkefnisstjóri

Undirritunarsíða

Guðrún Ingvarsdóttir

Sigurður Hlöðversson